

1981 nr. 68 29. maí

Lög um aðild Íslands að samningi um fram tíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi

Tóku gildi 18. júní 1981. *Breytt með* l. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 18. nóvember 1980 um fram tíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

■ 2. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja reglur²⁾ um framkvæmd samningsins.

¹⁾ L. 126/2011, 93. gr. ²⁾ Rg. 263/1970 (um alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu). Augl. 222/1971 (um bann við síldveiði með herpinót á svæði í hafinu suður af Írlandi og vestur af Englandi). Rg. 181/1976 (um takmörkun á síldveiðum íslenskra skipa í Norðursjó, Skagerak og á svæði VI (a) vestan Skotlands).

■ 3. gr.

□ Brot á reglum sem settar verða samkvæmt 2. gr. laga þess-

ara skulu varða sektum 2000–40.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

□ Ennfremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.
□ Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

□ [Kyrretja skal]¹⁾ skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

□ Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

□ . . . ²⁾

¹⁾ L. 19/1991, 195. gr. ²⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ 4. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

Fylgiskjal.

Samningur um fram tíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.¹⁾

¹⁾ Sjá Lagasafn 1995, bls. 950–953.